

John Miles Set: Tónlist hreyfi- gleðinnar

BREZKA tríóið John Miles Set kom til landsins í gær og mun leika í fyrsta sinn fyrir íslenska áheyrendur á hljómléikum í Austurbæjarbíói í kvöld, ásamt annarri brezkri hljómsveit, Capricorn, og

Júdasi frá Keflavík. — John Miles Set mun dveljast hér á landi í 17 daga og er ætluin, að tríóið ferðist um landið og leiki tónlist sína á ýmsum stöðum.

John Miles Set hefur starfað í hálfri þriðja ár. Liðsmenn þess eru frá Sunderland og nágrenni, en hafa leikið á skemmtistöðum og hljómléikum um allt Bretland. Þá hafa þeir einnig leikið í útvarpi og komið fram í sjónvarpi og gefið út sex litlar plötur með tónlist sinni. Liðsmenn tríósins kváðu erfitt að lýsa tónlistinni; hún

væri „funky“, sem táknar tónlist, sem kemur áheyrandanum öllum á ið af dans- og hreyfi- gleði. — Hljómsveitin er á samningi hjá Orangeplötu- fyrirtækinu og kemur hingað fyrir milligöngu Magnúsar Kjartanssonar, sem hefur átt samvinnu við fyrirtækið.

Myndin var tekin þegar liðsmenn John Miles Set og aðstoðarmaður þeirra litu inn í Hljóðfæraverzlun Sigriðar Helgadóttur hf. í Vesturveri í gær til að kanna hvernig forsala aðgöngumiða að hljómléikum unum gengi. Ljós. Mbl, Br.

Áhugamenn ræða nýja fiskveiðilaga- frumvarpið

FÉLAG áhugamanna um sjávarútvegsmál er nú að hefja vetrarstarf sitt og verður, sem fyrr á fundum félagsins í vetur leitast við að taka til umræðu ýmsa þætti og vandamál sjávarútvegsins á líðandi stund. Fyrsti fundur þessa vetrar verður í Kristarsal Hótel Loftleiða í kvöld kl. 20.30.

A þessum fundi mun Gils Guðmundsson formaður fiskveiðilaganefndar reifa málin og tala um frumvarp fiskveiðilaganefndar. Þetta er frumvarp til laga um veiðar með botnvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sem lagt var fram á síðasta þingi, en afgreiðslu þess frestað til þessa þings.

Sjávarútvegsráðherra mun koma á fundinn og svara fyrirspurnum um þessi mál. Einnig er búist við, að ýmsir athafna- menn í sjávarútvegi mæti á fundinn og má því vænta mikilla umræðna um málið.

R-24133 stolið

AÐFARARNÓTT s.l. sunnudags, milli kl. 2 og 15, var bifreiðinni R-24133 stolið frá Fornhaga 17. Þetta er Moskovits, árgerð 1970, hvít að lit. Leit að bifreiðinni hefur ekki borið árangur, en þeir, sem kynnu að hafa orðið hennar varir, eru beðnir að hafa samband við rannsóknarlögregluna í Reykjavík.

Í stjórn félagsins nú eru: dr. Jakob Magnússon, formaður, dr. Jónas Bjarnason, ritari og Þór- oddur Th. Sigurðsson, gjaldkeri, en í varastjórn eiga sæti Loftur Júlíusson, Eyjólfur Marteinsson og Þorsteinn Arnalds.

Kjarvalsstaðir:

LJÓS 73

Í DAG opna 6 ungir ljósmyndarar stóra ljósmyndasýningu á Kjarvalsstöðum þar sem þeir sýna um 120 myndir í vestursalnum. Allar myndirnar eru svart-hvítar og sumar mjög mikið stækkaðar, en Gunnar Hannesson, hinn góðkunnli litmynda- ljósmyndari, tekur þátt í sýningunni sem gestur og sýnir litskuggamyndir í Kjarvalssalnum. Þar munu 6 sýningarvélar ganga samfelld á sýningartímanum.

Sýningin, sem heitir LJÓS 73, opin þriðjudaga og föstudaga frá kl. 16—22 og laugardaga og sunnudaga kl. 14—22. Sýningartími er til 13. nóv.

Þeir félagar í LJÓS 73 sýndu síðast 1971, og hét sú sýning LJÓS 71. Allar myndirnar á sýningunni eru til sölu, en efniviðurinn er sóttur vítt og breitt í hversdagslífið á Ís-

Framhald á bls. 18



Mótmæla harðlega afskiptum ASÍ af launakjörum annarra

MORGUNBLAÐINU hefur horizt eftirfarandi fréttatilkynning frá Bandalagi háskólanna:

„Í kröfum Alþýðusambands Íslands við væntanlega kjarasamninga, sem stjórn Bandalags háskólanna getur í ýmsum atriðum tekið undir, er þó eitt atriði, sem vara verður sérstaklega við. Er það krafan um, að verðlags- uppbot verði skert á öllum mánaðarlaunum yfir kr. 50.000.-. Stjórn BHM telur þessa kröfu afar rangláta, þar eð hún mun fyrst og fremst bitna á fámennum hópi

Aðalfundur Sjálfstæðis- félags Kópavogs



AÐALFUNDUR Sjálfstæðis- félags Kópavogs verður haldinn n.k. mánudag í Sjálfstæðishúsinu, Borgarholtsbraut 6, og hefst kl. 8,30 e.h.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa flytur Oddur Ólafsson alþm. (mynd) ræðu á fundinum.

launþega, þar sem eru háskól- menn, ekki sízt þeir, sem eru í ríkisþjónustu. Beinir hún þeim eindregnu tilmælum til ríkis- stjórnarinnar, að hún beiði sér gegn slíkri skerðingu. Vill stjórn BHM í þessu sambandi vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

I. Mótmæla verður harðlega afskiptum ASÍ af launakjörum annarra launþega en þeirra, sem þeir hafa umboð fyrir. Samkvæmt núgildandi samningum myndu engir launataxtar ASÍ verða fyrir barðinu á vísitöluskerðingu, og einungis örfáir hæstu taxtar, ef gengið yrði að öllum launakjöfum þeirra í væntanlegum samningum. Auk þess er málum svo haganlega fyrir komið, að ákvæðisvinnutaxtar og uppmælingataxtar myndu sleppa við skerðingarákvæðið. Kröfunni er því augljóslega stefnt gegn öðrum launþegum. Því verður ekki trúað að öreyndu, að ASÍ, í krafti stærðar og pólitíks valds, haldist uppi að hafa á þennan hátt frekleg afskipti af kjaramálum annarra stétta.

II. Verðlagsuppbot á laun er til þess ætluð að viðhalda kaupmætti launa, þótt verðlag breytist. Ljóst er, að skerðing á slíkri uppbot minnkar verðgildi launa þeirra launþega, sem fyrir henni verða. Það er einnig einkenni skerðingar af þessu tagi á verðbólgu- tímum, að hún fer sívaxandi, kaupmáttur minnkar meir og meir eftir því, sem tímar líða, og launastígar þjappast saman. Óhætt er að fullyrða, að kjarasamningar yrðu af þessum sökum markleysa á stuttum tíma.

III. Glöggð dæmi um áhrif vísitöluskerðingar má finna á árunum 1968 og 1969. Hinn 1. apríl 1968 gekk í gildi dómur kjara- dóms ríkisstarfsmanna um vísitölubætur. Helstu atriði hans

voru að greiða skyldi að fullu verðlagsuppbot á grunnlaun upp að kr. 10.000.- á mánuði. Síðan skyldi uppbotin haldast óbreytt að krónutölu á kr. 16.000.-, en lækka úr því.

Afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Á 20 mánuðum frá gildistöku dómsins hækkaði kaup- gjaldsvísitala úr 103 stigum í 128,87 stig. Þá var vísitöluskerðing í 23. launaflokki, en í honum voru ýmsir háskólammenn, svo sem dómarafulltrúar, náttúrufræðingar og verkfræðingar, kr. 3.981.- á mánuði, eða 16,7% af launum 1. des. 1969 (miðað er við hámarks- laun). Þetta samsvaraði þá launa- lækkun um nær 4 launaflokka. Eins og meðfylgjandi tafla sýnir, jókst skerðingin enn í 24. — 28. launaflokki.

Skerðing mánaðarlauna

1. ap. 1968	1. des. 1969		
23. launafl.	kr. 3.981.-	16.7%	
24. —	kr. 4.434.-	17.9%	
25. —	kr. 4.917.-	18.9%	
26. —	kr. 5.423.-	20.0%	
27. —	kr. 5.948.-	20.9%	
28. —	kr. 6.373.-	21.3%	

Verulegur hluti þeirrar launa- hækkunar, sem samið var um í síðustu samningum ríkisstarfs- manna í desember 1970, var óum- flýjanleg leiðrétting kjara, vegna þeirrar langvarandi og sívaxandi vísitöluskerðingar, sem á undan fór, og hér hefur verið lýst.

IV. Stjórn BHM mun með öllum tiltækum ráðum berjast gegn vísitöluskerðingu. Hún er ranglát, þar eð hún leggst með síauknum þunga á launþega eftir því sem

Framhald á bls. 18

Tíminn sakar átta miðstjórnar- menn um „soralegan róg“

Í GÆR dró til tífjanda í átök- um þeim sem verið hafa milli vinstri og hægri arms Fram- sóknarflokksins. Í forystugrein Tímans í gær, sem rituð er af Tómasi Karlssyni ritstjóra, er ráðizt harkalega að 8 miðstjórn- armönnum í Framsóknar- flokknum, sem skipa fram- kvæmdanefnd svokallaðar „Möðruvallahreyfingar“, og þeir sakaðir um að svívirða „í einni kippu“ formann Fram- sóknarflokksins „og aðra í æðstu stjórn hans og trúnaðar- stöðum, framkvæmdastjórn, þingflokk og ráðherra, svo og ritstjóra Tímans“.

Tílefni forystugreinar þess- arar er stefnuávarp Möðru- vallahreyfingarinnar, sem, að því er segir í fréttatilkynningu

frá hreyfingunni, hefur verið sent til 300 trúnaðarmanna Framsóknarflokksins. Segir Tíminn, að stefnuávarp þetta sé „soralegur rógur um forystu- menn Framsóknarflokksins“.


Í fréttatilkynningu Möðru- vallahreyfingarinnar segir hins vegar, að hreyfingin sé samtök félagshyggju fólks innan Fram- sóknarflokksins. Hún hafi að markmiði „að halda á loft innan flokksins þeim hugsjón- um, sem eru grundvöllur til- veru hans, og efla tengslin við þau stjórn málaöfl önnur, sem eiga mesta samleið með slíkri stjórn málaábaráttu“.

Í stefnuávarpi Möðruvalla- hreyfingarinnar er Fram- sóknarflokknum m.a. lýst með svofelldum orðum: „Á undan-

förnum árum hefur jafnt og þétt eflzt að völdum í flokknum fámennur hópur manna, sem skeytir líft um grundvallar- stefnu og sýnist í verki vera sumum þáttum hennar bein- línis andstæður. Þessir nýju herrar eru í dag hin raunveru- lega forysta flokksins. Þeir eiga lykilmenn í æðstu stöðum og þeir ráða málagnir flokksins, húseignum hans og skrifstofu- liði í Reykjavík ásamt ýmiss konar aðstöðu, sem reynist áhrifamikil við stjórnarstörf.“

Í stefnuávarpi Möðruvalla- hreyfingarinnar kemur fram, að þeir framsóknarmenn, sem í henni eru, aðhyllast í raun ná- kvæmlega sömu stefnu og kommúnistar í utanríkis- og

Framhald á bls. 18



Lýst eftir vitni

SUNNUDAGINN 30. septem- ber sl. varð kona fyrir óhappi, er hún var að fara út úr strætis vagni á biðstöðinni við Lauga- veg 13, laust eftir kl. 14. Vagn- inn fór af stað áður en hún var komin úr tröppunum og féll hún við það á gang- stéttina og meiddist á fæti. Maður kom henni til aðstoðar, en ekki er vitað, hver hann er. Óskar rannsóknarlögreglan eftir að ná tali af honum vegna þessa atviks.